

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2013, þriðjudaginn 15. október, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **90. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Bjarni Hreiðarsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Svalbarðsstrandarhreppur, Ráðhúsinu, Svalbarðseyri, sækir um leyfi fyrir að setja göngubrú yfir Valsá norðan Svalbarðseyrar á landi úr jörðinni Meðalheimi. Meðfylgjandi er teikning af brúnni frá Límtré Vírnet, Bjarna Ingibergssyni, dags. 28.08.2013, verk nr. DL13 029 og afstöðumynd frá Verkís, dags. 16.09.2013.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Kjarnafæði hf, Fjölнисgötu 1b, Akureyri, sækir um leyfi fyrir stækkun á skrifstofurými, breyting á viðbyggingu sem samþykkt var 20. ágúst sl. við vesturhlið, húsasamstæðu Kjarnafæðis á Svalbarðseyri. Meðfylgjandi teikningar eru frá Opus teikni-& verkfræðistofu, dags. 13.08.2013, breyting dags. 08.10.2013, verk nr. 051001.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Katrín Ólafsdóttir, Helgamagrastræti 2, Akureyri, sækir um leyfi fyrir breytingu á sumarhúsi, sem er í byggingu að Heiðarbyggð 34, Geldingsá, Svalbarðsstrandarhrepp. Breytingin felst í því að setja á kvisti á risþak. Meðfylgjandi teikningar eru frá Opus teikni-& verkfræðistofa, dags. 04.09.2013, verk nr.110802.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Petra Björk Pálsdóttir og Árni Geirhjörtur Jónsson, Kotabyggð 1, Veigastöðum, Svalbarðsstrandarhrepp, sækja um leyfi fyrir að byggja aðstöðuhús á lóðinni Kotabyggð 1, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Stefáni Árnasyni, dags. 30.09.2013, verk nr. 2013-025.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. Þorsteinn Rútsson, Þverá, Öxnadal, sækir um leyfi fyrir að byggja 7,2 fermetra stöðvarhús fyrir heimarafstöð að Þverá. Meðfylgjandi er teikning eftir Atla Rút Þorsteinsson, dags. 09.05.2013 og afstöðumynd frá Búgarði.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Sigurður Aðalsteinsson, Björgum III, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir 10 fermetra áhaldageymslu á lóð íbúðarhússins að Björgum III. Meðfylgjandi er teikning og afstöðumynd frá umsækjanda, dags. 23.09.2013.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00

Hreiðar B. Hreiðarsson

Elmar Sigurgeirsson

Hermann Jónsson

Egill Bjarnason

Jósavin Gunnarsson